



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um upplýsingagjöf til starfsmanna vegna sameiningu ÍTR og MOF

Á fundi borgarráðs þann 6. október sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

6. júní sl. tilkynntu forsvarsmenn nýs borgarstjórnarmeirihluta að málaflokkar íþrótt- og tómstundasviðs og menningar- og ferðamálasviðs yrðu sameinaðir. Þrátt fyrir að fjórir mánuðir séu nú liðnir frá umræddri yfirlýsingu hefur starfsfólk umræddra sviða fengið afar litlar upplýsingar um hvernig staðið verði að sameiningunni fyrir utan það sem hefur komið fram í fjölmiðlum. Slíkur skortur á upplýsingagjöf er ekki í samræmi við viðurkennda breytingarstjórnun í stjórnsýslu. Óskað er eftir því að sem fyrst verði bætt úr upplýsingagjöf til starfsmanna vegna umræddra breytinga. Þá er óskað eftir eftirfarandi upplýsingum:

- 1. Hvað verður um núverandi starfsmenn á skrifstofum sviðanna? Munu þeir halda störfum sínum, verða endurráðnir eða verða allar stöður í yfirstjórn nýs sviðs auglýstar?*
- 2. Er ekki nauðsynlegt að eyða óvissu um þessi mál nú þegar gagnvart starfsfólki?*
- 3. Hafa átt sér stað viðtöl við viðkomandi starfsmenn í lykilstöðum sviðanna um þessi mál?*
- 4. Hvenær mun koma í ljós hvort hagræðing verði af sameiningu sviðanna, eins og núverandi meirihluti heldur fram að verði? Óskað er eftir því að greinargerð um vænta hagræðingu og sparnað vegna umræddrar sameiningar verði lögð fyrir borgarráð.*
- 5. Liggur fyrir hver kostnaðurinn verður vegna umræddrar sameiningar árin 2022 og 2023, m.a. vegna ráðgjafarkostnaðar og starfslokasamninga? Óskað er eftir því að greinargerð um slíkan kostnað verði lögð fram í borgarráði sem fyrst.*
- 6. Hvenær er gert ráð fyrir að nýr sviðsstjóri taki til starfa?*
- 7. Hvar verða höfuðstöðvar nýs sviðs til húsa?*
- 8. Hvernig verður stjórnsýslu menningar- og ferðamálasviðs og íþrótt- og tómstundasviðs háttað þar til nýtt svið verður formlega stofnað og nýr sviðsstjóri tekur við störfum?*
- 9. Hvert verður hlutverk núverandi starfandi sviðsstjóra í innleiðingarferlinu?*
- 10. Til hvaða aðila, innan og utan borgarkerfisins, verður leitað varðandi upplýsingar og ráðgjöf vegna sameiningarinnar?*
- 11. Er vinna hafin við gerð nýrrar samþykktar menningar, íþrótt- og tómstundaráðs vegna sameiningarinnar? Verða drög að slíkri samþykkt lögð fyrir ráðið til umsagnar fyrir lokaafgreiðslu í borgarstjórn?*



Fyrirspurninni var vísað til umsagnar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara með bréfi skrifstofu borgarstjórnar þann 12. október sl.

Svar:

Þar sem fyrirspurnin kom fljótlega eftir að starfshópur um sameiningu menningar- og ferðamálasviðs og íþrótt- og tómstundasviðs tók til starfa var ljóst að ekki var hægt að svara fyrirspurninni með góðu móti fyrr en tillögur starfshópsins voru tilbúnar og lagðar fyrir borgarráð að loknu ítarlegu samráðsferli þar sem markviss upplýsingagjöf var hluti af verkefnaáætlun starfshópsins. Hér eru svör við hverri spurningu fyrir sig:

Spurning 1 - Svar: Í tillögum starfshópsins er lagt til að stjórnunarstöðum í miðlægum skrifstofuteymum fækki þar sem ein staða sviðsstjóra, ein staða skrifstofustjóra, ein staða mannauðsstjóra og ein staða fjármálastjóra verða formlega lagðar niður. Jafnframt munu störf taka breytingum vegna skipulagsbreytinga. Starfsfólk sem gegnir þeim störfum sem lögð eru niður hætta m.a. vegna aldurs eða fara í önnur störf hjá Reykjavíkurborg. Ekki er áætlað að sameiningin hafi í för með sér breytingar á starfsemi og starfsmannahaldi á öðrum stöðum en skrifstofum og miðlægum verkefnum. Vegna skipulagsbreytinganna er lagt til að ráðið verði í eftirfarandi stöður í samræmi við ráðningareglur borgarinnar, ekki er um ný stöðugildi að ræða;

- a. fagstjóra þrótt- og tómstunda frá og með 1. janúar 2023.
- b. fagstjóra menningar frá og með 1. júlí 2023 en þá rennur út tímabundinn ráðningasamningur núverandi skrifstofustjóra menningarmála.

Spurning 2 - Svar: Um leið og það lá fyrir að ekki þyrfti að segja upp starfsfólki í kjölfar viðtala sem tekin voru við starfsfólk á skrifstofum ÍTR og MOF, þá var það tilkynnt með upplýsingabréfi til starfsfólks þann 20. október s.l. Þar með var þeirri óvissu eytt.

Spurning 3 – Svar: Viðtöl voru tekin við hátt á þriðja tug lykil starfsmanna á báðum sviðum auk fjölda samráðsfunda. Þar komu fram gagnleg sjónarmið starfsfólks sem nýttust vel í vinnu starfshópsins.

Spurning 4 – Svar: Ekki er gert ráð fyrir því að tillögur starfshópsins feli í sér kostnaðaraukningu fyrir Reykjavíkurborg heldur þvert á móti hagræðingu til lengri tíma. Breytingarnar rúmast innan núverandi fjárheimilda sviðanna fyrir 2023 og til lengri tíma litið muni sú samþætting og einföldun sem hér er boðuð með sameiningu sviðanna leiða af sér hagkvæmari og betri stjórnsýslu og markvissari þjónustu. Vísað er til fjárhagsgreiningar í tillögum starfshópsins sem lagðar voru fyrir borgarráð 15. desember 2022.

Spurning 5 – Svar: Ráðgjafakostnaðar er áætlaður um 3 m.kr. Gert ráð fyrir sama heildarfjölda stöðugilda á nýju sviði en að 6 stöðugildi breytist og verði laus á árinu 2023 en áætlun vegna þeirra er um 102.000 þ.kr., en þar af falla til um 50.000 þ.kr. vegna kostnaðs við starfslok s.s. uppsagnarfrestur og orlofsuppgjör. Samkvæmt útreikningi er gert ráð fyrir að ráðningar í þessi 6 nýju stöðugildi kosti um 88.400 þ.kr.



og munar þar um 13.800 þ.kr. Vísað er til fjárhagsgreiningar í tillögum starfshópsins sem lagðar voru fyrir borgarráð 15. desember 2022.

Spurning 6 – Svar: Nýr sviðsstjóri tók til starfa 9. desember 2022, hann vinnur að undirbúningi á sameiningu sviðanna til áramóta og tekur formlega við sem sviðsstjóri sameiginlegs sviðs 1. janúar 2023.

Spurning 7 – Svar: Tillögur starfshópsins miðast við að nýtt sameiginlegt fagsvið hafi aðsetur á nýjum stað í Borgartúni þar sem önnur fagsvið borgarinnar eru staðsett.

Spurning 8 – Svar: Starfsemi MOF og ÍTR verður óbreytt þar til nýtt svið og nýr sviðsstjóri taka til starfa.

Spurning 9 – Svar: Starfandi sviðsstjórar MOF og ÍTR hafa verið starfsmenn starfshópsins í samræmi við erindisbréf.

Spurning 10 – Svar: Starfshópnum var heimilt að semja við utanaðkomandi ráðgjafa um ráðgjöf vegna verkefnisins og var Arnar Pálsson hjá Arcur ráðgjöf ráðinn til verksins að undangenginni verðkönnun. Þungamiðjan í vinnu starfshópsins var víðtækt samráðsferli ásamt markvissri upplýsingagjöf og þá var stuðst við þau markmið sem borgarráð hafði gefið út um sameiningu sviðanna. Ráðgjafi tók viðtöl við u.þ.b. 25 starfsmenn á skrifstofum ÍTR og MOF, starfandi sviðsstjóra, fráfarandi sviðsstjóra, millistjórnendur og framlínustarfsfólk í þjónustuverum. Starfshópurinn, í heild eða að hluta, hélt sameiginlega samráðsfundi með starfsfólki á skrifstofum ÍTR og MOF, helstu hagsmunaaðilum, með millistjórnendum sviðanna, reynslumiklum stjórnendum borgarinnar sem hafa komið að breytingastjórnun, með yfirstjórn borgarinnar, með þjónustuveri ÞON, kom inn á fundi MÍT og átti fundi með helstu hagsmunaaðilum. Vísað er til samantektar um samráð í tillögum starfshópsins sem lagðar voru fyrir borgarráð 15. desember 2022.

Spurning 11 – Svar: Já, undirbúningur er hafinn af hálfu skrifstofu borgarstjórnar og fara drög að nýjum samþykktum í hefðbundið ferli.

Þorsteinn Gunnarsson
borgarritari